


## 02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

*Ársskýrsla 2022*

*01.04.2023*

*Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari*



## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Nám - Námsframboð .....	2
3	Kennsla og stjórnun .....	3
4	Mannauðsmál .....	3
5	Skjalastjórnun .....	4
6	Græn skref .....	4
7	Sjálfsmat .....	4
8	Afkoma, rekstrarstaða.....	5
9	Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024.....	5
10	Brotthvarf.....	6
11	Samvinna við aðra.....	7
12	Lokaorð .....	8



## 1. Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Við stofnun skólans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem er fléttað inn í flesta þætti skólastarfsins. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarnám. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en að öllum líkindum er þessi fækkun aðeins tímabundin. Haustið 2021 hófum við innritun á nýsköpunar- og frumkvöðlabraut og höfum unnið að uppbyggingu og þróun á námsframboði á þeirri braut ásamt því að fjárfesta í tækjabúnaði.

## 2. Nemendur

Innritaðir nemendur voru 165 á vorönn og 214 á haustönn. Á vorönn voru 17 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 15 luku stúdentsprófi og tveir luku námi á starfsbraut. Á haustönn voru 11 nemendur útskrifaðir og luku þeir allir stúdentsprófi.

Fjöldi	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Nemendur	165	214
Dagskóli/grunnskóli	96	98
Fjarnám/ utanskóli	54	116
Karlar	83	101
Konur	82	113
Útskrifaðir	17	11

## 3. Nám - Námsframboð

Við skólann eru sex brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut – búfræðilína, íþróttabraut, nýsköpunar- og frumkvöðlabraut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 1 og 2.

Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2022	Fjöldi nemenda haustönn 2022



Félags- og hugvísindabraut	46	56
Framhaldsskólabraut 1	1	2
Framhaldsskólabraut 2	2	12
Íþróttabraut	10	10
Náttúru- og raunvísindabraut	26	20
Náttúru- og raunvísindabraut-búfræðilína	0	0
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	9	12
Starfsbraut	9	10
Opin braut til stúdentsprófs	61	92
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	3
Samtals	165	214

#### 4. Kennsla og stjórnun

Haustið 2022 störfuðu 31 starfsmenn við FSN:

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- Námsráðgjafi í 60% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 100% starfi
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100% starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 60% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 19 í 13 stöðugildum.
- Ræstitæknir í 50% stöðu.
- Matráður í 50% stöðu á vorönn 2022 en enginn matráður á haustönn 2022.

#### 5. Mannauðsmál



Það er stefna FSN að efla skólann sem góðan vinnustað. Skólinn hefur mótað [starfsmannastefnu](#) og reynt er eins og kostur er að stuðla að aukinni starfsánægju og efla fólk í starfi.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hlaut [jafnlaunavottun](#) 13.mars 2020. Vottunarstofan Versa gaf út nýtt vottunarskírteini fyrir Fjölbrautaskóla Snæfellinga og gildir sú vottun til 12.3.2026.

Sífelld er unnið við að yfirfara stefnur og skrifa nýjar og mun þessi vinna halda áfram. Enn fremur munum við fylgja eftir stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum varðandi innleiðingu og eftirfylgd. Stefnur FSN má lesa [hér](#). Unnið er að vinnu vegna stefnumótunar fyrir FSN.

Vorið 2021 hófst formleg vinna við undirbúning á endurskoðun á stefnu skólans með það að markmiði að skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn. Skólinn sótti um styrk í Sprotasjóð til að halda áfram með þessa vinnu og fékk til þess eina milljón króna.

Settar hafa verið [áætlanir](#) til næstu þriggja ára sbr 31.gr. laga um opinber fjármál.

## 6. Skjalastjórnun

Málalykill Fjölbrautaskóla Snæfellinga var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands 10. september 2018. FSN notar skjalavörslukerfið GoPro og fékk samþykki fyrir rafrænni skráningu gagna frá og með 1. janúar 2020. Aðstoðarskólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir er skjalastjóri.

## 7. Græn skref

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur nú lokið fjórum af fimm skrefum í verkefni á vegum Umhverfisstofnunar. Stefnan er að klára fimmta skrefið á þessu ári. Fyrsta skrefið var tekið í mars 2021 og annað skrefið fengum við í maí 2021, þriðja skrefið fengum við í janúar 2022 og fjórða skrefið ágúst 2022. Hleðslustöð fyrir rafbíla var sett upp við skólann árið 2020 til að hvetja nemendur og starfsfólk til að vera á bílum sem ganga fyrir raforku og verið er að undirbúa uppsetningu á varmadælu, en skólinn er staðsettur á svokölluðu „köldu svæði“ og kynding með rafmagni er mjög dýr.

## 8. Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla

Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans.

Húsfundir skólaárið 2022 voru haldnir samkvæmt venju en á þeim fá nemendur að segja skoðun sína á skólastarfinu, hvað sé vel gert og hvað megi betur fara.



Ytra mat á starfsemi FSN fór fram á vor- og haustönn 2020. [Hér má sjá skýrslu um ytra mat á haustönn 2020.](#) Í framhaldi af niðurstöðum ytra mats 2020 var gerð umbótaáætlun sem unnið er eftir. Umbótaáætlunina má lesa [hér](#).

## 9. Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki árið 2022. Helstu ástæður fyrir því voru m.a. að nemendum hefur fækkað tímabundið og launakostnaður vegna veikinda fór fram úr áætlun. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun og skjalastjórnun dýr fyrir litla stofnun eins og FSN.

## 10. Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024


Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
<b>Markmið A1</b> Að auka gæði fjölbreytts náms í FSN og fullnægjandi þjónustu við nemendur.	Á vorönn 2021 var lokið við gerð <a href="#">nýsköpunar- og frumkvöðlabrautar</a> . Unnið er að uppsetningu á FAB LAB rými í skólanum sem mun nýtast nemendum á öllum brautum.	Við höfum miklar væntingar um þessa nýju braut og vonumst til að hún vekji áhuga væntanlegra nýnema.
<b>Markmið B1</b> Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum af brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun	Brottfall hefur minnkað og fleiri nemendur ljúka námi á tilskildum tíma.	Stór hluti nemenda lýkur stúdentsprófi á tilskildum tíma. Áfram er unnið að því að minnka brottfall.
<b>Markmið A3</b> Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.	Stutt kynningarmyndbönd hafa verið unnin og þau eru á síðu skólans og notuð þegar verið er að kynna skólann fyrir 10. bekkjum. Instagram síða skólans er virkari og bætt hefur verið við síðu.	Með aukinni kynningu á samfélagsmiðlum verður skólinn þekktari sem ákjósanlegur valmöguleiki til að sækja um skólavist. Umferð á instagram síðum skólans hefur aukist.
<b>Markmið B1</b> Að efla mannauð skólans, allir nemendur og starfsfólk sé metið að verðleikum.	Staða skólans er nokkuð góð Við höfum að nota HrMonitor til að vera með reglulegar	Niðurstöður í viðhorfskönnunum, stofnun ársins og frá húsfundum



	mannauðsmælingar og fá niðurstöður strax. Það gefur okkur tækifæri til að grípa til aðgerða fyrir.	sýna ánægju með starfsemi skólans.
<b>Markmið B2</b> Virkja kennara í að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi.	Kennarar þróuðu nýjar nálganir í kennslu á TEAMS á Covid tímanum. Við höfum haldið áfram á þeirri braut og nýtt okkur nýja tækni í kennslunni.	Nemendur og kennarar ánægðir með kennslu á TEAMS. Þetta kennslufyrirkomulag gerir fjarnemendur auðveldara fyrir að fylgjast með í náminu.
<b>Markmið B3</b> Draga úr umhverfisáhrifum.	Græn skref, notkun á pappír, notkun fjarfunda, vistvænir samgöngumátar.	FSN er búinn að ná 4. græna skrefinu, minni pappír notaður, fjarfundir mikið nýttir, starfsfólk nýttir skólabíl og umhverfisvæna bíla. Starfsfólk getur hlaðið rafbíla sína í hleðslustöð við skólans.

## 11. Brotthvarf

Við vinnum að því að minnka brottfall eins og hægt er. Ef nemendur ná ekki að uppfylla skólareglur vegna ástundunar þá er þeim boðið að skrifa upp á samning við skólameistara um bættu ástundun. Námsráðgjafi hefur þá hitt nemendur reglulega og hjálpað þeim við að skipuleggja vinnu sína og bæta ástundun í náminu. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur orðið til þess að nemendur taka sig á í náminu og ná oft tilskildum árangri. Nú fá umsjónarkennara nýnema meiri tíma til að sinna umsjónarnemendum sínum, eldri nemendur hafa umsjónarkennara og staða námsráðgjafa hefur verið aukin úr 50% í 68%. Staða námsráðgjafa var einnig aukin þar sem hún kemur til með að vera tengiliður vegna [farsældarþjónustu](#) en FSN hefur nú þegar tekið þátt í því verkefni.



Árlegt nýnemabrotthvarf hefur lækkað þó nokkuð undanfarin ár, eða stöðugt frá 2016-17 þegar það stóð í 7,3%. Ef við reiknum brotthvarf sem þá nemendur sem skila sér ekki til prófs, þ.e. eru með F í einhverjum áföngum, þá er brotthvarf allra nemenda 2,8% á vorönn 2022 og 4% á haustönn 2021. Nú er árlegt nýnemabrottfall 4%.

Mælingar ná aftur til 2010-11 og var það lengst af í kringum 7% til 2016-17 að 2015-16 undanskildu þegar það lækkaði um ca. eitt prósentustig frá árunum áður.

## 12. Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmentaskóla hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum. Einnig stunda nemendur annarra fjarmentaskóla fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á [samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans](#). Skólameistari fundar reglulega með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar er skipulagt. FSN hefur unnið [verkferla](#) með grunnskólum á Snæfellsnesi vegna útskriftar nemenda úr grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla. Undanfarin ár höfum við boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10. bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi og Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.





10. bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1. þrepi.

Starfsbrautin hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki á svæðinu og nemendur á brautinni hafa farið í starfsnám, kynningar og heimsóknir.

### **13. Erlent samstarf**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur hafið [samstarf við AFS](#) á Íslandi en það samstarf gefur nemendum skólans kost á að sækja um að fara í skiptinám á fullum styrk frá Erasmus+. Þetta þýðir að nemendur geta farið í skiptinám án þess að leggja út í mikinn kostnað vegna dvalarinnar. Þá gefur þetta kennurum möguleika á að fara út í starfspeglun til annara landa, fara í þjálfun til að eflast í sínu fagi og þetta er líka tækifæri til að senda hópá styttri ferðir. Einnig erum við í samstarfi við Svæðisgarð Snæfellsness í verkefni sem heitir [Cultural Innovation through Ecopreneurship](#).

### **14. Lokaorð**


Þegar þessi ársskýrsla er unnin er að styttest í að síðasti hópur nemenda sem að upplifði það að skólavist þeirra í framhaldsskóla væri undir áhrifum af heimsfaraldrinum COVID. Við horfum fram á veginn og viljum halda áfram að gefa skólaþróun rými og tíma í skólastarfinum. Við viljum skoða möguleika á starfsnámi í samvinnu við skóla sem bjóða upp á starfsnám og við hlökkum til að nýta þá möguleika sem felast í gervigreind. Við viljum áfram vera skóli sem sinnir leiðsagnarnámi og er framsækinn. Í starfshópnum er fólk sem vill veg skólans sem mestan og ég held að það sé rétt að enda þessa ársskýrslu á brot úr niðurstöðum úr Stofnun ársins og tilvitnun í niðurstöðu Monitor könnunar fyrir febrúar mánuð en þá var starfsfólk spurt, „Hvað finnst þér að við hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga stöndum fyrir.“ Það var ánægjulegt að lesa svörin en þau má sjá hér:

- Framsækni og samskipti.
- Berum virðingu fyrir nemendum
- Virðing, samkennd, styrkur og stuðningur - skiptir ekki máli hvort átt sé við milli starfsmanna og starfsmanna eða starfsmanna og nemenda.
- Metnað- Nýjungar – Stuðning.
- Við leggjum okkur fram við að ná til nemenda á þeim stað sem þeir eru staddir hverju sinni. Við leitum leiða til að ná árangri saman.
- Umhyggju og leiðsögn.
- Við stöndum fyrir frelsi í námi, sköpun og virðingu
- Frumkvæðni, samvinnu, nýsköpun




Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr Stofnun ársins 2022 varðandi starfsanda og ánægju og stolt.

### Ítarlegar niðurstöður - Starfsandi



### Ítarlegar niðurstöður - Ánægja og stolt



Í FSN horfum við með tilhlökkun til framtíðar þó að vissulega þurfum áfram að takast á við það vandamál að nemendum mun fækka í 10.bekkjum á upptökusvæði skólans á næstu árum en fjölgun fjarnemenda hefur valdið því að nemendafjöldi er svipaður og síðastliðin ár. Við viljum halda áfram að vera góður skóli fyrir bæði dagskólanemendur og fjarnemendur og vera framsækinn framhaldsskóli en það eru einkunnarorð skólans ásamt orðunum sem komu út úr stefnuvinnu árið 2021 en í FSN segjum við: Lifum – Lærum – Leikum. Við munum halda áfram að þróa okkur í starfi og gera betur og í því felst meðal annars starfsþróun í leiðsagnarnámi og fjarkennslu.